

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Rumon Gamba, hljómveitarstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 26. september 2009 kl. 17:00

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Dímítríj Sjostakovítsj:

Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47

Moderato

Allegretto

Largo

Allegro non troppo



RÁS 1

Tónleikarnir verða hljóðritaðir
og sendir út síðar í vetur.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.

aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið

RUMON Á ÍSLANDI:

Rumon Gamba stjórnaði SÍ í fyrsta sinn vorið 2001 og þótti takast svo vel upp að strax um haustið stóð hann aftur á sviðinu í Háskólabíói. Hann var ráðinn aðalstjórnandi hljómsveitarinnar í júní 2002 og hefur síðan stjórnað henni á yfir 70 tónleikum. Síðar í þessum mánuði hljóðritar SÍ fimmta geisladiskinn undir stjórn Rumons fyrir breska útgáfufyrirtækið Chandos.

RUMON GAMBA

Hljómsveitarstjóri



Rumon Gamba nam við Konunglegu tónlistarakademiuna í London undir handleiðslu Colin Metters og varð fyrsti nemandinn í hljómsveitarstjórn sem vann til DipRAM-verðlaunanna. Skömmu síðar sigraði hann í keppni ungra hljómsveitarstjóra á vegum BBC og Lloyds-bankans og varð í framhaldi af því aðstoðarhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitar Breska ríkisútvarpsins um fjögurra ára skeið. Hann stýrði hljómsveitinni m.a. á opinberum tónleikum, við upptökur og á fjölda útvarps- og sjónvarpstónleika, og á Proms-tónleikum BBC.

Rumon hefur komið fram sem gestastjórnandi með flestum helstu hljómsveitum Bretlandseyja. Hann hefur auk þess starfað með fjölda þekktu hljómsveita á meginlandinu, m.a. Fílharmóníusveit-

inni í München, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveitinni í Barcelona. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Sydney, Melbourne og Tókýó, sem og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York. Hann þreytti frumraun sína við Ensku þjóðaróperuna vorið 2008 í Candide eftir Leonard Bernstein. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda NorrlandsOperan sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð í júlí 2009.

Rumon er sammingsbundinn Chandos-útgáfunni og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníusveit Breska ríkisútvarpsins. Má þar nefna upptökur á verkum eftir Arnold, Bax, Auric og Vaughan-Williams, svo og kvikmyndatónlist eftir Alwyn, Richard Rodney Bennett og Erich Wolfgang Korngold. Hljómdiskar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hlotið afbragðs dóma víða um heim, og í desember 2008 var fyrsti diskurinn í fyrirhugaðri röð hljómsveitarverka eftir Vincent d'Indy tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Rumon hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í september 2002 en mun láta af því starfi í júní 2010.

UNGSVEIT SÍ

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína fyrstu tónleika í dag. Um árabil hefur skort vettvang fyrir íslenska tónlistarnema til að ráðast til atlögu við stærstu verk tónbókmenntanna eins og tíðkaðist á árum áður þegar Paul Zukofsky stýrði Sinfóníuhljómsveit æskunnar með merkm árangri. Ekki er þar með gert lítið úr því prýðilega starfi sem unnið hefur verið innan tónlistarskólanna sjálfra, sem m.a. hafa staðið fyrir árlegum hljómsveitarnámskeiðum, sem og hljómsveitarinnar Ungfóníu sem stofnuð var að tilstuðlan tónlistarnema og heldur nokkra tónleika á ári hverju.

Með Ungsveit SÍ er orðinn til nýr vettvangur þar sem gerðar eru ítrustu kröfur til nemenda með það að leiðarljósi að gefa þeim innsýn í líf atvinnutónlistarmannsins. Námskeiðið er nemendum að kostnaðarlausu og hafa hljóðfærarleikarar og starfsfólk skrifstofu SÍ lagt hönd á plóg til að hægt væri að hrinda því í framkvæmd. Stefnt er að því að halda slík námskeið árlega undir stjórn hljómsveitarstjóra í fremstu röð og stefna þannig að framgangi hljómsveitarmenningar meðal íslenskra tónlistarnema.



Sjaldan hefur nokkurt tónskáld átt jafn mikið undir viðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sinfónía Dímítríjs Sjostakovítsj (1906-1975) var flutt í fyrsta sinn í Leníngrad 21. nóvember 1937. Það hafði verið fylgst grannt með vandræðabarni sovéskrar tónlistar í tæp tvö ár, eða frá því að Jósef Stalín sá hina geysivinsælu óperu Sjostakovítsj, Lafði Makbeð frá Mtsensk, 28. janúar 1936 og gekk æfur á dyr í miðri uppfærslu. Á einni nóttu varð ferill Sjostakovítsj að engu. Í Prövdu, málgagni kommúnistaflokksins, birtist nafnlaus leiðaragrein, sem talið er að Stalín hafi haft hönd í bagga með að semja, „Óreiða í stað tónlistar“. Greinin er miskunnarlaus árást á Sjostakovítsj og tónlist hans, og hún jafngilti í raun opinberri fordæmingu. Tíu dögum síðar birtist önnur gagnrýni á tónskáldið, ekki síður harkaleg en sú fyrri, í sama blaði. Þá mátti öllum vera ljóst hvert stefndi.



Í kjölfar árásanna í Prövdu var Sjostakovítsj undir stöðugu eftirliti og þess gætt að allt sem frá honum kæmi stæðist kröfur flokksins. Í desember 1936 var honum var gert að draga hina rixavöxnu og framúrstefnulegu 4. sinfóníu sína til baka, aðeins nokkrum dögum fyrir áætlaðan frumflutning. Hálfu ári síðar, í júlí 1937, var fimmta sinfónían fullgerð. Sjostakovítsj vissi vel að örlög hans gætu ráðist af þessu eina verki, og þegar hann kallaði sinfóníuna „listrænt svar sovéskis listamanns við réttmætri gagnrýni“ var hann eingöngu að segja yfirvöldum það sem þau vildu heyra.

En ekki er allt sem sýnist. Fyrstu þrjú kaflar verksins eru allir hádramatískir, hver á sinn hátt, og enginn þeirra í sjálfu sér til þess fallinn að þóknast stjórnvöldum þótt hugmyndirnar og útfærslan séu vissulega skýrari og einfaldari en í fjórðu sinfóníunni sem mátti biða frumflutnings í áratugi. Strax frá afgerandi upphafshendingum fyrsta þáttar er ljóst að tónskáldinu er mikið niðri fyrir. Aðalstef kaflans eru tregafull og oft bregður fyrir nístandi sársauka. Þegar nokkuð er liðið á kaflann breytir tónlistin nokkuð um svip og fær yfirbragð sovéskrar hersýningar með lúðrum og sneriltrommu. Tónlistin verður sífellt örvæntingarfullri eftir því sem á liður, og þegar upphafsstefið snýr aftur ríkir algjör ringulreið.

Annar kaflinn er dæmigerður fyrir „scherzo“-þætti Sjostakovítsj, sem eru oft fullir kaldhæðni og skapofsa. Hér býður Sjostakovítsj hlustandanum upp í groddalegan dans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átta sinnum flutt 5. sinfóníu Sjostakovítsj, fyrst undir stjórn Bohdans Wodizcko árið 1970 og því næst tveimur árum síðar þegar André Previn hélt um tónsprotann. Rumon Gamba stjórnaði SÍ í verkinu árið 2004. Níunda sinfónía Sjostakovítsj var annars sú fyrsta sem hljómaði á tónleikum á Íslandi, undir stjórn Wodizckos í Háskólabíói vorið 1966.

Tónlistin er stundum kaldhæðin, stundum ruddaleg, en aldrei geðfelld, hvort sem um ræðir draugalegan vals eða sjálfsánægðan hornabyt með dynjandi trumbuslætti. Þriðji þáttur er sorgaróður; hér tjá þykkir strengjahljómarnir ekki sorg eins manns heldur heillar þjóðar. Tréblásarar, harpa og selesta bætast smám saman við og eftir því sem liður á kaflann magnast upp sterk alda tilfinninga og tjáningar. Hér er sagt frá einhverju miklu og stóru, sem snertir okkur öll.

Það er ekki fyrr en í lokapættinum sem tekur að rofa til, og þó ekki nærri strax. Kaflinn hefst með miklum hamagangi. Fyrsta stefið er stormasamt og æðir áfram, stundum allt að því stjórnlaust. En smám saman breytir tónlistin um svip. Lúðrarnir bætast við, og fyrr en varir er yfirbragðið bæði tignarlegt og skínandi bjart, eins og sigurinn sé loksins í höfn. Það var einmitt hér sem yfirvöld töldu sig heyra hina sönnu merkingu sinfóníunnar: hið vegvillta tónskáld sér ljósið, ýtir hinum illa séða „formalisma“ til hliðar og semur glaðværa tónlist sem höfðar til alþýðunnar. En margir hafa bent á að síðustu blaðsíðurnar eru ekki jafnglaðlegar og ætla mætti, heldur eru þær keyrðar áfram af ógnvænlegum krafti. Meðan málmblásarar leikja hetjumúsík eins og þeir eigi lífið að leysa hamast strengir, tréblásarar og píanó á sömu nóttunni 252 sinnum. Sigurgleðin er fölsk; undir niðri býr ógn og þvingun.

Fræðimenn hafa nærri undantekningarlaust látið í ljós efasemdir um að „endurminningabókin“ Testimony, sem Solomon Volkov setti saman og gaf út 1979, endurspeglí í raun skoðanir og hugsanir tónskáldsins. Þó er oft vitnað í bókina þegar kemur að lýsingu Sjostakovítsj á lokakafli þeirrar Fimmtu, sem er bæði eftirminnileg og trúverðug í sjálfu sér: „Ég held að það sé augljóst hvað er á seyði í fimmtu sinfóníunni. Fögnuðurinn er þvingaður, hann verður til af ógn, eins og í Boris Godunov [óperu Músorgskíjs]. Það er eins og einhver berji þig með kylfu og segi: „Þú átt að fagna, þú átt að fagna“, og þú stendur skjálfandi á fætur og gengur burt muldrandi „Ég á að fagna, ég á að fagna“. Hvers konar sigur er það? Sá sem ekki heyrir þetta hlýtur að vera algjör fáviti“.

Með fimmtu sinfóníunni fann Sjostakovítsj loksins hinn vandrataða meðalveg. Hann hafði samið tónverk sem féll yfirvöldum í geð en var engu að síður raunsönn lýsing á þeim veruleika sem hann og milljónir annarra bjuggu við. Og sýndi um leið fram á meistaraleg tök sín á hinu sinfóníska formi, með tónsmíð sem lætur engan ósnortinn.

MYNDIR Á ÆFINGU



Á DÖFINNI

EVROPSK RÓMANTÍK 1. OKTÓBER

Fyrstu gulu tónleikar vetrarins verða í Háskólabíói 1. október nk. Þar stjórnar hinn úkraínski Kirill Karabits, sem hefur vakið feykimikla athygli á undanförunum árum, hljómsveitarverkum eftir Berlioz og Mendelssohn og fær auk þess til liðs við sig mikinn fiðlusnilling, Ilya Gringolts, sem hefur verið í flokki fremstu hljóðfæraleikara heims í meira en áratug. Þegar hann sigraði í Paganini-keppninni árið 1998 var hann yngsti keppandi til að komast í úrslit allt frá upphafi. Hann lærði hjá Itzhak Perlman við Juilliard-skólann og er sammingsbundinn hjá Deutsche Grammophon sem er frægasta útgáfufyrirtækið í klassíska bransanum. Nýjasti diskur hans vann til Gramophone-verðlauna og það verður enginn svikinn af flutningi hans á hinum dásamlega fiðlukonsert Dvoráks sem er eitt af meistaraverkum tónskáldsins og sameinar hugljúfa lýrik og glæsileg virtúósatilþrif.



Ævintýrið um Eldfuglinn 10. október

Sígild ævintýri eru á sínum stað á fyrstu tónleikum Litla tónsprotans nú í vetur.

Í Rússlandi býr ungur prins sem heitir Ívan. Hann verður ástfanginn af fallettri prinsessu en hún er í haldi Kasteis, sem er ógurlegt skrímsli. Ívan ákveður að stefna lífi sínu í voða til að bjarga ástinni sinni frá glötun og með hjálp göldróttu eldfuglsins tekst honum að vinna bug á Kastei hinum illa.

Eldfuglinn er bráðskemmtilegt ævintýri fyrir alla fjölskylduna og litrík tónlist Stravinskíjs gerir þessa tónleika að einstakri upplifun.

Halldóra Geirharðsdóttir leikkona er sögumaður og Rumon Gama heldur um sprotann. Tónleikarnir eru laugardaginn 10. október og hefjast þeir kl. 14.00. Miðaverð er 1.700 kr.



UNGSVEIT SÍ Á TÓNLEIKUM 26. SEPTEMBER 2009

1. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Ísak Ríkarðsson
Úlfhildur Þorsteinsdóttir
Chrissie Thelma Guðmundsdóttir
Puríður Helga Ingvarsdóttir
Guðrún Eggertsdóttir
Rannveig Marta Sarc
Nína Lea Jónsdóttir
Hlér Kristjánsen
Anna Garðarsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Elín Rún Birgisdóttir
Hekla Finnsdóttir
Steinunn Arinbjarnardóttir
Þórdís Ylfa Viðarsdóttir
Guðbjartur Hákonarson

2. fiðla

Jane Ade Sutarjo
Pétur Björnsson
Irena Sylva Roe
Vilborg Magnúsdóttir
Elín Ásta Ólafsdóttir
Maxymilian Frach
Eva Hrund Hlynisdóttir
Hringur Ásgeir Sigurðarson
Eva Björk Gunnarsdóttir
Hafsteinn Guðmundsson
Fífa Jónsdóttir
Kristín Sigurjónsdóttir
Ester Petra Gunnarsdóttir
Inga María Eyjólfsdóttir

Vióla

Þórunn Harðardóttir
Vala Bjarney Gunnarsdóttir
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir
Vera Sjöfn Ólafsdóttir
Árný Arnarsdóttir
Sólrun Sigurðardóttir

Sigríður Rós Einarsdóttir
Súsanna Ernst Friðriksdóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir

Selló

Karl Jóhann Bjarnason
Hildur Heimisdóttir
Skúli Þór Jónasson
Þórður Þorsteinsson
Sólveig Birna Júlíusdóttir
Sólrun Halla Einarsdóttir
Kolbeinn Þorbergsson
Ingunn Erla Kristjánsdóttir
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Ragnar Jónsson

Bassi

Leifur Gunnarsson
Alexandra Kjeld
Gunnar Ingi Guðmundsson
Aron Jakob Jónasson
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

Flauta

Ragnhildur Jósefsdóttir
Nína Hjördís Þorkelsdóttir
Björg Brjánsdóttir,
piccoloflauta

Óbó

Guðrún Másdóttir
Inga Mekkin Beck

Klarinett

Arngunnur Árnadóttir
Magnús Pálsson
Matthías Ingiberg Sigurðsson,
Es-klarinet

Fagott

Davíð Alfreð Eliasson
Judith Þorbergsson
Brjánn Ingason, kontrafagott

Horn

Halldór Bjarki Arnarson
Arve Eiríksson
Hlín Þórhallsdóttir
Erla Axelsdóttir
Rakel Björt Helgadóttir
Atli Sigurðsson

Trompet

Baldvin Oddsson
Daniel Jakobsson
Elísa Guðmarsdóttir
Valdís Þorkelsdóttir

Básúna

Harpa Jóhannsdóttir
Finnbogi Darri Guðmundsson
Haraldur Þrastarson, bassabásúna

Túba

Brynja Guðmundsdóttir

Harpa

Katie Buckley

Píanó & Celesta

María Arnadóttir

Pákur

Þorvaldur Halldórsson
Slagverk
Sigríður Ösp Sigurðardóttir
Órvar Erling Árnason
Þórhallur Arnar Vilbergsson

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

samstarfsaðilar





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4-8 tónleika af
efniskrá starfsársins.

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt.

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á
www.sinfonia.is



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið